





Kaktus

Höfundur: Siv H. Franksdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 3. bekk



Aðferð:

Teikna
Sníða
Útsaumur

Áhöld:

✓ Blýantur
✓ Skæri
✓ Fatakrít

✓ Títuprjónar
✓ Nál með oddi
✓ Límbyssu

Efni:

✓ T.d. A4 blað
✓ Filtefni
✓ Perlugarn
✓ Perlur/pallíftur

✓ Tvinni
✓ Tróð
✓ Leirblómapottur
✓ Acryl-litir
✓ Álpappír
✓ Vikurkúlur
eða mosi

Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Teiknið kaktus á blað og klippið út.
- 2 Nælið kaktussniðið á tvöfallt filtefni með tituprjónum.
- 3 Strikið umhverfis sniðið með fatakrít.
- 4 Takið sniðið af, nælið filtefnin aftur saman.
- 5 Klippið kaktusinn út.
- 6 Skreytið með útsaumi báðum megin t.d. með ídregnu þræðispori, varplegg, tunguspori og lykkjuspori. Ef vill má líka skreyta með perlum og pallíettum.
- 7 Nælið stykkinn saman, ranga á móti röngu.
- 8 Saumið kaktusinn saman með smáu þræðispori, skiljið eftir op neðst.
- 9 Setjið tróð inn í kaktusinn og saumið fyrir opið.



Ídregið þræðispor

Munið að sauma réttu megin!



Blómapottur

- 1 Teiknið mynd með blýanti á blómapottinn.
- 2 Farið ofan í myndina með breiðum túss.
- 3 Málið með acryl-litum.

Frágangur

Kaktusinn er festur með heitu lími í blómapottinn, álpappír settur meðfram og vikurkúlur settar ofan á eða mosi sem er festur með heitu lími.



Til kennara

Þetta verkefni hentar vel fyrir 3. bekk. Verkefnið er hægt að vinna í samvinnu við myndmennta- og/eða smíðakennara. Blómapottinn má skreyta á marga vegu t.d. mála, líma tölur eða gera mósaik. Sjá vinnulýsingu fyrir nemendur.

Ákveðið stærð á kaktusnum t.d. svolítið minni en A4.

Teiknið á blað þann hluta stofnsins sem fer ofan í blómapottinn. Hafið hann t.d. 5 cm á breidd og 9 cm á hæð. Ljósritið svo fyrir nemendur sem teikna kaktusinn sjálfir. Passa þarf að stofninn og angarnir verði ekki of grannir.

Klippað eða skerið niður tvöfallt filtefni í sömu stærð og blaðið. Það kemur vel út að hafa t.d. dökkgrænt öðrum megin og skærgrænt hinum megin.

Þegar nemendur byrja að skreyta kaktusinn með útsaumi er gott að setja lítinn kross neðst á stofninn þeim megin sem þeir eiga að sauma svo bútarnir passi rétt saman í lokin. Einnig geta nemendur gert línur með fatakrít eftir endilöngum kaktusnum þar sem útsaumssporin eiga að koma.